

148. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 27. október 2015 í Stykkishólmi

Mætt: Halla Steinólfsdóttir (HS) formaður, Arnheiður Jónsdóttir (AJ), Eiríkur Snæbjörnsson (ES), Erla Friðriksdóttir (EF), Magnús A. Sigurðsson (MAS), Sigurður Þórólfsson (SP) og Trausti Baldursson (TB).

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:40.

Fundargerð 147. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

Fjármál nefndarinnar - staða

Drög að fjárhagsáætlun lögð fram.

Afgreiðsla:

Ljóst er að eitthvað fjármagn er til í smærri verkefni. Nefndin ákvað að setja fjármagn í umgengni- og öryggisbækling. Ákveðið að MAS ræði við Fornleifafélagið, sem þegar hefur lokið við fornleifaskráningar við Skáleyjar, um að ráðast í örnefnaskráningar og skráningu siglingaleiða á sama svæði. Gefa þessar upplýsingar út í sama plaggi.

Hlunnindabæklingur – staða

Farið yfir tilboð frá ANOK margmiðlun í uppsetningu bæklinga. Myndir fyrir bækling skoðaðar.

Afgreiðsla:

Samþykkt að taka tilboði ANOK í uppsetningu á hlunnindabæklingi. EF, MAS og TM halda áfram að undirbúa bækling fyrir uppsetningu og gera tillögu.

Tilboð í heimasíðu Breiðafjarðarnefndar

Farið yfir tilboð frá ANOK margmiðlun í endurnýjun á heimasíðu.

Afgreiðsla:

Samþykkt að taka tilboði ANOK. TM leitar tilboða í hýsingu hjá TSC í Grundarfirði.

Beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn vegna tillögu að matsáætlun vegna Vestfjarðavegar (Bjarkarlundur-Skálanes).

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemdir við matsáætlun.

Beiðni skipulags- og byggingafultrúa Reykhólahrepps um umsögn vegna tillögu að deiliskipulagi vegna Tröllenda á Flatey

Reykhólahreppur óskar eftir umsögn. Uppráttur skoðaður.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd telur að deiliskipulagstillaga sé í samræmi við gildandi aðalskipulag. Nefndin gerir engar athugasemdir við tillöguna svo framarlega að samráð sé haft við Minjastofnun Íslands.



Beiðni skipulags- og byggingafultrúa Reykhólahrepps um umsögn á deiliskipulagstillögu Sjávarsmiðjunnar á Reykhólum

Afgreisla:

Breiðafjarðarnefnd hefur farið yfir erindið. Nefndin telur að framkvæmdin lagi sig vel að umhverfinu, bæði hvað varðar menningarminjar, fornminjar og náttúruferir. Nefndin gerir ekki athugasemdir við tillöguna að því gefnu að farið verði eftir þeim tillögum sem fram koma um vernd umhverfis og náttúru.

Fundur Breiðafjarðarnefndar með sveitarfélögum vegna undirbúningsvinnu fyrir svæðisskipulag

Afgreiðsla:

Tilgangur fundarins áréttaður og dagskrá samin. Dagskrá verður send til fundarmanna.

Önnur mál

Aukin umsvif þang- og þaratekju á Breiðafirði

Framlagt bréf frá Reykhólahreppi, dags. 14. september 2015, vegna aukinna umsvifa í þang- og þaratekju á Breiðafirði.

Breiðafjarðarnefnd lýsir yfir áhyggjum af aukinni nýtingu á þangi og þara á Breiðafirði án þess að rannsóknir um áhrif á lífríki fjarðarins fari fram og hugað verði að umhverfisáhrifum.

Umgengni- og öryggisbæklingur

Breiðafjarðarnefnd stefnir að útgáfu „umgengni- og öryggisbæklinga“ fyrir Breiðafjörð. Önnur hliðin sýnir kort þar sem merkt eru inn verndarsvæði, t.d. vegna æðarvarps og öruggar siglingaleiðir. Hin hliðin sýnir upplýsingar um svæðið.

Fundi Breiðafjarðarnefndar var slitið kl. 14:15. Næsti fundur er áætlaður 8. desember 2015.